



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 150 ára afmælishátíð
Borgarness
29. apríl 2017**

Borgfirski utanríkisráðherra,
þingmenn,
ágætu Borgnesingar og Mýramenn,
aðrir góðir gestir!

Við fögnum því í dag að út er komið stórvirki, saga Borgarness í tveimur bindum. Sagan er merk, nær frá landnámi til nútíma. Flest þekkjum við væntanlega fyrstu sögurnar, um Hrafna-Flóka sem hafði vetursetu í Borgarfirði að sögn Landnámu, og enn frekar Egils sögu, með sínum eftirminnilegu lýsingum á Skallagrími Kveldúlfssyni sem settist að á Borg. Einna mergjuðust er frásögnin af því þegar Skallagrímur drap Þórð Granason, leikfélaga Egils litla, og ætlaði svo að ráðast að syninum sjálfum uns fóstran Brák skarst í leikinn. Það reyndist hennar síðasta hetjudáð, fúlmennið kastaði steini á milli herða hennar þegar hún lagðist til sunds af bjargi hér í utanverðu nesinu. Eftir lifa örnefni góðu, Brákarsund og Brákarey.

Borgarness er þó ekki getið í fornum ritum. Á prenti mun það heiti fyrst koma fyrir um miðja nítjándu öldina og þegar verslun hófst þar um þær mundir notaði fólk ekki þetta fallega nafn heldur kom Brák aftur til sögunnar; kaupskapur var stundaður við „Brákarpoll“.

Þennan fróðleik og ótal margt annað í sögu byggðarlagsins má sækja í sagnaritið mikla sem við höfum nú fengið í hendur. Lífi fólks er lýst allt til okkar daga – og meira að segja rýnt inn í framtíðina. Í lokaorðum seinna bindis er að því vikið að kannski verði þau tímamót á afmælisárinu, þegar 150 ár eru liðin frá því fyrst var veitt leyfi til verslunar hér, að tvöþúsundasti Borgnesingurinn setjist að í bænum.

Öll er frásögnin skýr og skemmtileg og vitnað til heimilda, að vandaðra sagnfræðinga síð. Um leið er textinn líflegur, jafnvel spennandi, og hnyttni höfundar fær að njóta sín þegar svo ber undir. Það þarf hugrekki og húmor til að hefja byggðasögu, þar sem fegurð staðarins sem um ræðir er vegin og metin svona: „Er fallett í Borgarnesi?“ Með þeim orðum er lagt af stað í hina fróðlegu ferð um sögu staðarins. Dæmi hver fyrir sig. Ég segi hiklaust já og hinar fjölmörgu myndir sem prýða verkið hljóta að styðja þá niðurstöðu. Einna skemmtilegust finnst mér ljósmyndin af Vigdís Finnbogadóttur að róla á Bjössaróló í opinberri heimsókn hingað í forsetatíð sinni. – Og margar góðar minningar eigum við hjónin af ferðum á Bjössaróló með börnunum.

Góðir áheyrendur! Við fögnum hér fallegu verki sem vitnar um vandvirkni, metnað og fagmennsku höfundanna, auk ritnefndar og annarra sem að því komu. Þetta er gleðistund. Með trega og sorg minnumst við þó Egils Ólafssonar. Fyrir fjórum var Egill ráðinn til að rita sögu Borgarness, tilvalinn til starfars, Mýramaður og sagnfræðingur. Hann hófst þegar handa en varð bráðkvaddur í ársbyrjun 2015, aðeins 52 ára að aldri.

Í hópi okkar sagnfræðinga var Egill Ólafsson vel kynntur og sömu sögu er að segja úr heimi fjölmiðla en þar vann hann um langa hríð. Við andlát Egils var mestur harmur vitaskuld kveðinn að fjölskyldu Egils. Eftir lifa ljúfar minningar og ég leyfi mér að vitna í minningarorð Urðar dóttur hans. Þau lýsa vel lífsgleði Egils Ólafssonar og hinu nána sambandi hans við börn þeirra Unnar konu hans:

Við feðginin ræddum allt milli himins og jarðar. Ég hef fengið fyrirlestra um lántökur, konungsfjölskyldu Breta, símalínur í Borgarfirði og formann snókersambandsins. Það var fátt sem pabbi vissi ekki og hann tileinkaði sér glaður nýjungar, ég fékk hann meira að segja til að horfa á heimildarpátt um Kardashian-fjölskylduna. Eftir það gat hann þulið upp ástarvandamál Kris Jenner og tilkynnti mér það að Khloé væri uppáhaldssystirin hans úr þáttunum.

Leyfið mér líka, kæru vinir, að vitna til eftirmæla foreldra Egils þar sem orðum er vikið að verkinu sem við nú fögnum: „Egill átti gott með að hrífa fólk með sér, hann talaði við marga Borgnesinga við vinnslu bókarinnar, hann minntist oft á hvað allir tækju vel á móti sér og vildu hjálpa til. Hann var mjög vandvirkur og heiðarlegur í skrifum sínum.“

Eftir lifa ekki aðeins góðar minningar. Eftir lifir líka þessi minnisvarði um fagmanninn Egil Ólafsson. Og þar á meðhöfundurinn drjúgan hlut að máli. Svo hagaði til að frændi Egils, Heiðar Lind Hansson sagnfræðingur, hafði verið honum innanhandar við vinnslu ritsins. Heiðar tók upp þráðinn og reyndist það heillaráð.

Aðrir eiga jafnframt þakkir skildar. Í formála ritnefndar segir nærri láta að heilt þorp hafi komið að því að færa sögu Borgarness í letur. Í formálanum segir jafnframt: „Í minningu Egils Ólafssonar hafa margir gefið vinnu sína við gerð bókarinnar, ættingjar, vinir og samstarfsmenn. Þar er hlutur Unnar Lárusdóttur, ekkju Egils, ekki sístur. Án þessa höfðinglega vinnuframlags er vandséð að verkið hefði komið fyrir augu almennings fyrir 150 ára afmælisdag Borgarness 2017 og að fjárhagsramminn hefði staðist.“

Góðir áheyrendur: Ég óska ykkur öllum til hamingju með það öndvegisrit um sögu Borgarness sem nú er komið út. Verkið er höfundum til sóma; í því er fengur fyrir ykkur Borgnesinga og Mýramenn, auk annarra sem unna sögu lands og þjóðar.